



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

STRAVINSKIJ
OG BRITTENJ

2. FEBRÚAR 2017

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu í Sjónvarpinu og á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd verka:

Russian Funeral: 7'

Fiðlukonsert: 32'

Dumbarton Oaks: 15'

Sinfónía: 22'

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

FIN 02 FEB 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

STRAVINSKÍJ OG BRITTEN

Matthew Halls
hljómveitarstjóri

Viviane Hagner
einleikari

EFNISSKRÁ

Benjamin Britten
Russian Funeral (1936)
fyrir málblásturshljóðfæri og slagverk

Fiðlukonsert, op. 15 (1938–39)
Moderato con moto - Agitato - Tempo primo
Vivace - Animando - Largamente - Cadenza
Passacaglia: Andante lento (Un poco meno mosso)

Hlé

Ígor Stravinskij
Konsert í Es-dúr „Dumbarton Oaks“ (1937–1938)
fyrir kammerhljómveit
Tempo giusto
Allegretto
Con moto

Sinfónía í þremur þáttum (1942–45)
Overture; Allegro
Andante; Interlude: L'istesso tempo
Con moto

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en/sinfonia.is



MATTHEW HALLS

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Breski hljómveitarstjórinn og sémalleikarinn Matthew Halls er vinsæll gestur hljómveita og óperuhúsa og nýtur virðingar sem kraftmikill og líflegur túlkandi tónlistar allra tímabila tónlistarsögunnar. Hann gegnir nú stöðu listræns stjórnanda Bach-hátíðarinnar í Oregon fjórða árið í röð.

Norðuramerískar hljómveitir sækjast í auknum mæli eftir kröftum hans og hefur hann m.a. stjórnað Calgaryfilharmóníunni, sínfóníuhljómveitunum í Dallas, Houston og Seattle sem og hljómveitunum í Cleveland og Filadelfíu. Þá þreytti hann nýlega frumraun sína með Toronto-sínfóníunni í 9. sínfóníu Beethovens og sagði gagnrýnandi Toronto Star um flutninginn, að Halls hefði laðað fram kraftinn og spennuna sem áheyrendur hlytu að hafa upplifað við frumflutninginn fyrir næstum 200 árum.

Hápunktar starfsársins hjá Matthew Halls vestanhafs eru tónleikar í Lincoln Centre með Mozarteum-hljómveitinni í Salzburg og tónleikar með Cleveland-hljómveitini, Calgary-filharmóníunni og sínfóníuhljómveitunum í Milwaukee, Indianapolis og Cincinnati.

Í öðrum heimshlutum hefur Halls stjórnað hljómveitinni Concentus Musicus í Vín, Konzerthaushljómveitinni í Berlín, Konunglegu skosku þjóðarhljómveitinni og Sínfóníuhljómveitinni í Melbourne svo dæmi séu tekin. Þá stjórnar hann á þessu tónleikaári Konunglegu filharmóníuhljómveitinni í London, Vínarsínfóníunni og NDR-útvarpshljómveitinni í Hamborg í fyrsta sinn.

Hljóðritanir hans sem hljómveitarstjóra og sémalleikara hafa unnið til verðlauna, m.a. diskar með óperunni *Parnasso in Festa* eftir Händel ásamt The King's Consort fyrir Hyperion-hljómplötufrirtækið og fjórir sémalkonsertar Bachs sem Halls lék og stjórnaði frá hljóðfærinu og voru gefnir út af Linn Records.

Matthew Halls sótti framhaldsmenntun sína í Háskólann í Oxford og gegnir nú fastri stöðu sem kennari við stofnunina. Þá vinnur hann reglulega með ungum tónlistamönnum á námskeiðum og í sumarskólum.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Matthew Halls kemur nú í fjórða sinn sem gestur Sínfóníuhljómveitar Íslands. Hann kom fyrst í októberlok árið 2009 og stjórnaði þremur verkum Mozarts á tónleikum í Háskólabíói. Á tónleikunum lék Martin Fröst einleik í klarínettukonserti meistarans. Þá stjórnaði Halls óratoríunni Messías á aðventutónleikum í Eldborg árið 2011 og tveimur árum síðar stóð hann aftur í brúnni í upphafi aðventu.



VIVIANE HAGNER

EINLEIKARI

Þýski fiðluleikarinn Viviane Hagner þreytti frumraun sína aðeins þrettán ára gömul á sögulegum, sameiginlegum tónleikum filharmóníuhljómsveita Ísraels og Berlínar undir stjórn Zubins Mehta. Síðan þá hefur hún verið tíður gestur helstu hljómsveita heimsbygðarinnar, m.a. Berlínar-filharmóníunnar, Sinfóníuhljómsveitanna í Boston og Chicago, New York-filharmóníunnar, Cleveland-hljómsveitarinnar, Gewandhaus-hljómsveitarinnar í Leipzig og filharmóníuhljómsveitanna í München og London. Meðal hljómsveitarstjóra sem hún hefur unnið með eru Claudio Abbado, Vladimir Ashkenazy, Daniel Barenboim, Ricardo Chailly, Christoph Eschenbach, Lorin Maazel og Pinchas Zukerman. Undanfarið hefur hún leikið með Tonhalle-hljómsveitinni í Zürich undir stjórn Davids Zinman, Stokkhólmsfilharmóníunni með Sakari Oramo, Bambergersinfóníunni með Jonathan Nott og Sinfóníuhljómsveitinni í Montreal undir stjórn Kents Nagano.

Verkalisti Viviane Hagner er einkar ríkulegur og forvitnilegur enda þrýða hann fiðluverk frá öllum tímabilum tónlistarsögunnar. Þar er að finna helstu einleikskonserta frá Bach til Berg en einnig konserta eftir Goldmark, Szymanowski, Gubaidulina, Hartmann, Lutoslawski og Penderecki. Árið 2002 frumflutti hún fiðlukonsert Unsuks Chin með Þýsku sinfóníuhljómsveitinni í Berlín undir stjórn Kents Nagano og uppskar flutningurinn Grawemeyer-verðlaunin. Verkið var síðar gefið út á geisladiski í flutningi hennar og Sinfóníuhljómsveitarinnar í Montreal. Tónleikaupptaka af fiðlukonserti Christians Jost, *TiefenRausch*, kom síðan út árið 2012.

Viviane Hagner hefur verið ötull boðberi klassískrar tónlistar til fólks á öllum aldri og heimsækir öldrunarheimili og skóla í því skyni að hvetja til hlustunar á sígilda tónlist og vekja áhuga ungs fólks á tónlistarnámi. Hún gegnir nú kennarastöðu við Ríkistónlistarháskólann í Mannheim auk þess að kenna á námskeiðum vítt og breitt um Evrópu, Bandaríkin og Asíu.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Viviane Hagner hefur einu sinni áður staðið á einleikarapalli Sinfóníuhljómsveitar Íslands en þá lék hún fiðlukonsert Albans Berg á Listahátíð í Reykjavík. Önnur verk á efnisskránni voru Gæsamamma (Ma mère l'Oye) eftir Maurice Ravel, Pelléas et Mélisande eftir Gabriel Fauré og Sinfonische Metamorphosen eftir Paul Hindemith. Þessir tónleikar eru sérlega eftirminnlegir en stjórnandi var núverandi aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar, Yan Pascal Tortelier. Var þetta hans fyrsta Íslandsheimsókn og markaði hún upphaf farsæls samstarfs hans og hljómsveitarinnar.



BENJAMIN BRITTEN

RUSSIAN FUNERAL

Benjamin Britten (1913–1976) fæddist í sjávarþorpinu Lowestoft í Suffolk-héraði á Austur-Englandi. Tónlistarhæfileikar hans komu snemma í ljós og naut hann fyrstu leiðsagnar í píanóleik og ótnalestri hjá móður sinni. Sjö ára gamall hóf hann reglulegt píanónám og þremur árum síðar bættist víólan við tónlistarnámið. Sautján ára gamall vann Britten keppni um styrk til náms við Konunglega tónlistarháskólann í London (Royal College of Music). Þar dvaldi hann frá 1930–33 og lærði tónsmíðar hjá John Ireland og píanóleik hjá Arthur Benjamin. Á þessum árum vann hann til nokkurra verðlauna fyrir tónsmíðar sínar og fyrstu verk hans sem vöktu verulega athygli urðu einnig til á skólaárunum í Royal College — *Sinfonietta op. 1* og sálmatilbrigðin *A boy was born*. En Britten notaði einnig tímann í London til að sækja tónleika í því skyni að kynnast tónlist Stravinskíjs og Shostakovísj en sér í lagi Mahlers. Að loknu námi í London stundaði hann um skeið framhaldsnám hjá Alban Berg og Schönberg í Vínarborg.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Russian Funeral hefur tvisvar sinnum áður hljómað á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Það var þýski fiðluleikarinn og hljómsveitarstjórinn Leon Spierer sem stjórnaði verkinu fyrst á tónleikum í Háskólabíói haustið 1990 en þess má geta að Spierer var 1. konsertmeistari Berlínarfílharmóníunnar um 30 ára skeið. Rumon Gamba stjórnaði síðan verkinu á tónleikum í október 2004. Þá flutti Sinfóníuhljómsveit Norðurlands Russian Funeral á tónleikum í Akureyrarkirkju í ársbyrjun árið 2000. Hljómsveitinni til fulltingis var málmblásarahópurinn Serpent en stjórnandi var Guðmundur Óli Gunnarsson.

Britten er í hópi helstu tónskálda 20. aldarinnar. Meðal þekktustu og mest fluttu verka hans eru *The Young Person's Guide to the Orchestra*, *War Requiem* og óperan *Peter Grimes*. Yfirburðir Brittens meðal óperutónskálda síðari hluta 20. aldar eru miklir og hafa í það minnsta fimm óperur hans öðlast fastan sess á verkaskrár óperuhúsa. eru þær næst á eftir verkum Richards Strauss mest fluttu óperur tónskálda liðinnar aldar. Meðal annarra verka Brittens eru hljómsveitarverk, kórverk, einsöngsverk, einleiksverk, strengjakvartettar og önnur kammertónlist.

Hin eiginlega starfsævi Benjamins Britten hófst árið 1935 og á næstu tveimur árum skrifaði hann hátt í 40 verk fyrir leikhús, kvikmyndir og útvarp. Britten var á þessum árum vinstri-sinnaður líkt og margir aðrir menntamenn á þessum erfiðu tímum heimskreppu og uppgangi fasista í Evrópu og lét ekki sitt eftir liggja þegar hann var beðinn um að semja stutt verk fyrir tónleika á vegum London Labour Choral Union (Kór verkalyðssamtaka Lundúnaborgar). Samdi Britten *Russian Funeral* fyrir málmblásara og slagverk á rúmri viku og var verkið frumflutt í Westminster-leikhúsinu í London 8. mars 1936. Til að undirstrika rússneskt yfirbragð verksins, notar tónskáldið ósvikinn rússneskan jarðarfararsöng sem öreigalyðurinn söng yfir föllum hermönnum byltingarinnar. Stefið heyrst í upphafi og enda verksins og rammar inn tónlist sem táknar stríð. Þess má geta að Shostakovísj notaði sama jarðarfararstef í 11. sínfóníu sinni 20 árum síðar. *Russian Funeral* lá ríflega 40 ár

í gleymsku eftir frumflutninginn og heyrðist ekki aftur fyrir en 1983.

Aðeins nokkrum vikum eftir frumflutning *Russian Funeral*, nánar tiltekið þann 19. apríl 1936 var Britten viðstaddur frumflutning fiðlukonserts Albans Berg, sem ber undirtitilinn „í minningu engils“, á alþjóðþingi nútímatónskálda í Barcelona. Hafði verkið djúp áhrif á hann og kveikti hjá honum hugmynd að eigin fiðlukonserti sem eins konar sálumessu. Sjálfur var hann þar í því skyni að frumflytja svítu sína op. 6 fyrir fiðlu og píanó ásamt fiðluleikaranum Antonio Brosa.

FIÐLUKONSERT

Næstu ár voru Britten erfið því að hann fann fyrir vaxandi andúð heima fyrir vegna stjórnmalaskoðana sinna og samkynhneigð. Í maí árið 1939 ákvað hann loks að flýja land og flytja til Bandaríkjanna ásamt vini sínum, tenórsöngvaranum Peter Pears, sem síðar varð lífsförunautur hans. Í farteskinu var ófullgerður fiðlukonsert sem hann lauk við í Quebec um sumarið. Hljómsveitarútfærsluna gerði hann í september, þá kominn til New York þar sem hann og Pears höfðu sest að.

Fiðlukonsertinn var síðan frumfluttur af Antonio Brosa og Fílharmóníuhljómsveitinni í New York undir stjórn Johns Barbirolli 28. mars 1940. Konsertinn tileinkaði Britten skólabróður sínum frá árunum í Royal College of Music, Henry Boys.

Britten endurskoðaði verkið þrisvar sinnum, 1950, 1954 og 1965. Breytingarnar fólust að hluta í afturköllun á miklum breytingum sem Brosa hafði gert á einleiksparti konsertsins en einnig lagfæringum á lokapættinum. Það er gerðin frá 1950 sem hljómar á tónleikum kvöldins.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Fiðlukonsert Brittens
heyrðist fyrst á tónleikum
Sinfóníuhljómsveitarinnar
í Háskólabíói í desember
1996 í flutningi Guðnýjar
Guðmundsdóttur
konsertmeistara undir
stjórn bandaríska
hljómsveitarstjórans og
fiðluleikarans Sidneys Harth.
Breski hljómsveitarstjórinn
Andrew Manze stjórnaði síðan
konsertinum á tónleikum
hljómsveitarinnar í Hörpu
haustið 2013 með Anthony
Marwood sem einleikara.



IGOR STRAVINSKÍJ

DUMBARTON OAKS

Igor Stravinskíj (1882–1971) fæddist í Oranienbaum sem liggur við Finnna flóa, vestur af St. Pétursborg. Faðir hans var bassasöngvari við Mariinsky-leikhúsið í Pétursborg og kynntist Stravinskíj mörgum af helstu tónlistarmönnum samtímans og leikhúsheiminum í gegnum föðurinn. Stravinskíj gerðist nemandi Rimskys-Korsakov árið 1903 og fyrir atbeina kennarans kynntist hann Sergei Diaghilev sem síðar fól honum að semja ballettónlist við söguna um *Eldfuglinn* (1910) fyrir Ballets Russes — Rússneska ballettinn í París. Í kjölfarið fylgdu ballettarnir *Petrjúska* (1911) og *Vorblótið* (1913) sem staðfestu stöðu Stravinskíjs sem eins fremsta tónskálds af yngri kynslóðinni. Stravinskíj bjó síðan til skiptis í Sviss og Frakklandi en hélt áfram að semja tónlist fyrir Diaghilev— ballettana *Pulcinella* (1920), *Mavra* (1922), *Renard* (1922), *Les Noces* (1923), *Ödipus Rex* (1927) og *Appollo* (1928). Hann settist að í Frakklandi árið 1920 og gerðist franskur ríkisborgari 1934. Á þessum árum breyttist rússneskur stíll hans yfir í hinn nýklassíska stíl. Fjölskylduharmleikur (dóttir Stravinskíjs, eiginkona og móðir dóu innan átta mánaða tímabils) og upphaf síðari heimsstyrjaldarinnar, urðu til þess að Stravinskíj flutti til Bandaríkjanna haustið 1939 þar sem hann bjó til dauðadags.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Kammersveit Reykjavíkur flutti Konsert Stravinskíjs í Es-dúr —Dumbarton Oaks— í Gamla bíói í febrúarmánuði 1982 og var það fyrsti flutningur verksins á Íslandi. Tónleikarnir voru haldnir í tilefni 100 ára fæðingarafmælis tónskáldsins en stjórnandi var Paul Zukofsky. Verkið var svo á dagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands haustið 1983 og hélt Klauspeter Seibel þá um tónsprotann. Næst heyrðist Dumbarton Oaks á tónleikum Kammersveitar Reykjavíkur í mars 1997 undir stjórn Bernharðar Wilkinson en síðast hljómaði verkið í Háskólabíói í meðförum Daniels Bjarnasonar og Sinfóníuhljómsveitarinnar í lok starfsárs 2009.

Igor Stravinskíj hafði þegar getið sér gott orð í nýja heiminum og ferðast þangað þrisvar sinnum áður. Í lok apríl 1937stýrði hann frumflutningi á ballettinum *Jeu de Cartes* í Metropolitan-óperunni í New York auk tveggja eldri verka. Markaði þetta upphaf farsæls samstarfs hans og ballettmeistarans Georges Balanchine. Í þeirri ferð ferðaðist hann m.a til Washington D.C. þar sem hann kynntist hjónunum Mildred og Robert Bliss sem buðu honum á sveitasetur sitt til að sýna honum óspillt landslagið í Dumbarton Oaks. Hjónin, sem voru miklir listunnendur, notuðu einnig tækifærið til að biðja tónskáldið um að semja verk í tilefni 30 ára brúðkaupsafmælis þeirra. Stravinskíj hóf vinnu við verkið í Sviss síðar þetta vor og lauk því í París 29. mars árið eftir. Konsertinn í Es-dúr var síðan frumfluttur á einkatónleikum á Dumbarton Oaks-setrinu 8. maí 1938. Stjórnaði franska tónskáldið og hljómsveitarstjórnin Nadia Boulanger flutningnum en höfundurinn stýrði síðan fyrsta opinbera flutningnum í París nokkrum vikum síðar. *Konsert í Es-dúr — Dumbarton Oaks*, er samið undir sterkum áhrifum frá Brandenburgarkonsertum Bachs og skrifað fyrir flautu, klarínettu, fagott, 2 horn, 3 fiðlur, 3 víólar, 2 selló og 2 kontrabassa. Er þetta síðasta verkið sem Stravinskíj lauk við í Evrópu.

SINFÓNÍA Í ÞREMUR ÞÁTTUM

Fyrsta stóra hljómsveitarverk Stravinskíjs í nýja heima-landinu var Sinfónía í þremur þáttum. Hann bjó fyrstu árin í Hollywood ásamt Veru, nýrri eiginkonu sinni sem hann giftist vorið 1940. Walt Disney og fleiri kvikmyndajöfrar sýndu hinu fræga tónskáldi mikinn áhuga en hugmyndir hans og þeirra fóru ekki saman. Í viðtali síðar á ævinni sagði Stravinskíj meðal annars: „Það var í raun gaman að semja við kvikmyndagerðarmennina því að þeir reyndu sjaldan að fela hið raunverulega ætlunarverk bak við tal um list. Þeir vildu nota nafnið mitt en ekki list mína — buðu mér meira að segja 100000 dollara fyrir að bólstra eina kvikmynd með tónlist og þegar ég afþakkaði var mér gert skiljanlegt að ég gæti fengið peningana ef ég eftirléti þeim nafnið og fengi annan til að semja tónlistina.“

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Það var þáverandi aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands Jean-Pierre Jacquillat sem stjórnaði fyrsta flutningi hljómsveitarinnar á Sinfóníu Stravinskíjs í 3 þáttum. Sagði gagnrýnandi dagblaðsins Tímans að með flutningnum hefði hljómsveitin tekið ofan fyrir tónskáldinu á aldarafmæli hans. Næst hljómaði sinfónían í túlkun fransk-bandaríska hljómsveitarstjórans Georges Pehlivanian í mars 2001 en síðast stýrði Ilan Volkov flutningi Sinfóníuhljómsveitarinnar á verkinu í janúar árið 2010. Allir þrennir tónleikarnir voru haldnir í Háskólabíói.

Þegar Fílharmóníuhljómsveitin í New York fól Stravinskíj að semja sinfóníu, notaði hann í öðrum kaflanum tónlist sem hann hafði skrifað fyrir kvikmynd byggða á skáldsögu Franz Werfel en var síðan ekki notuð í myndinni. Efni í fyrsta kafla sinfóníunnar sótti hann aftur á móti í ófullgerðan píanókonsert. Þá ber sinfónían, einkum 3. kaflinn, þess merki að tónskáldið vann á þessum tíma að endurskoðun á *Vorblótinu*.

Stravinskíj, sem sjaldan talaði opinberlega um tónlist sína, sagði að þetta verk væri hans styrjaldarsinfónía og hans svar við stríðsviðburðunum í Evrópu og Asíu. Í fyrsta kaflanum horfði hann til geryðingar Japana á landsvæðum í Kína og í þeim síðasta gæsaþingi þýskra hermanna og sigurs bandamanna.

Sinfónía í þremur þáttum var frumflutt í Carnegie Hall af Fílharmóníuhljómsveitinni í New York 24. janúar 1946 og stýrði tónskáldið flutningnum.

Sigurður Ingví Snorrason

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

02. FEBRÚAR 2017

1. FIDLA

Nicola Lolli
Una Sveinbjarnardóttir
Jeff Moore
Zbigniew Dubik
Bryndís Pálsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Pálína Árnadóttir
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Ísak Ríkharðsson
Ágústa María Jónsdóttir
Pascal La Rosa
Andrzej Kleina
Margrét Kristjánsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir

2. FIDLA

Joaquín Páll Palomares
Vera Panitch
Laufey Jensdóttir
Christian Diethard
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Kristján Matthíasson
Roland Hartwell
Gunnhildur Daðadóttir
Þórdís Stross
Greta Guðnadóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Sarah Buckley
Herdís Anna Jónsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Sesselja Halldórsdóttir
Kathryn Harrison
Jónína Auður Hilmarsdóttir

SELLÓ

Carl-Oscar Østerlind
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Margrét Árnadóttir
Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Inga Rós Ingólfsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Felicia Greciuc
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Michael Kaulartz
Brjánn Ingason
Eugenie Ricard

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Frank Hammarin
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson
Baldvin Oddsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Ben Ordaz

HARPA

Elisabet Waage

PIÁNÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Frank Aarnink

SLAGVERK

Frank Aarnink
Kjartan Guðnason
Einar Scheving

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Osmo Vänskä *aðalgestastjórnandi*
Vladimir Ashkenazy *heiðursstjórnandi*
Daniel Bjarnason *staðarlistamaður*

Arna Kristín Einarisdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*
Fjólá Kristín Nikulásdóttir *umsjónarmaður nótna*

Kammersveit Vínar & Berlínar

Einleikarar **Gautier Capuçon** selló,
Rainer Honeck fiðla &
Noah Bendix-Balgley fiðla
Konsertmeistari **Rainer Honeck**



Eldborg 19. maí kl. 19:30

Miðasala í síma 528 5050 og á harpa.is



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sigrún Eðvaldsdóttir, 1. konsertmeistari, og systir hennar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, eru hluti af fiðlusveitinni.

Sigrún: Auðvitað þykir okkur rosalega vænt um fiðluna en þetta er líka stundum svolítið erfitt samband. Hljóðfærið er oft **harður húsbóndi**. **Sigurlaug:** Einmitt, en samt er gott samband við góða fiðlu eins og gott ástarsamband, það svarar allt svo vel.

Við vitum öll hvað það merkir að stilla saman strengi, en í starfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands er orðtakið notað í bókstaflegri merkingu og í raun er fátt nauðsynlegra. Fagmennska er leiðarstef í öllu starfi hljómsveitarinnar.

Sigrún Eðvaldsdóttir er ástríðufullur tónlistarmaður sem gefur allt í flutninginn á milli þess sem hún leikur angurvært á fiðluna. Sigrún hefur leikið víða um lönd og náð góðum árangri í alþjóðlegum fiðlukeppnum. Eldri systir Sigrúnar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, hefur kennt þeirri yngri allt sem hún kann. Framhaldsnám í fiðluleik

stunduðu þær báðar fyrir vestan haf, Sigurlaug í New York við Manhattan School of Music en Sigrún við hinn sögufræga Curtis-tónlistarháskóla í Philadelphia.

Fiðlan ber oftar en ekki uppi laglínur tónbókmenntanna, getur fengið hárin til að rísa og á hug þeirra systra allan.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is